

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 419/1999 um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands.

#### 1. gr.

Aftan við gr. 2.14.1.4. komi ný grein sem verði 2.14.1.4.1. svohljóðandi:

Einkaflugmanni með mikla reynslu, yfir 100 flugtíma samtals, er heimilt að taka verklegt stöðupróf og bóklegt próf í reglum er varða fis, sem nægir til að fullnægja kröfum fyrir skírteini fisflugmanns með farþegaáritun, ef um er að ræða fis með þriggja ása stýringu.

#### 2. gr.

Grein 2.14.1.5.1. orðist þannig:

Umsækjandi skal vera handhafi 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er sbr. 2.14.1.5.3.

#### 3. gr.

Ný grein sem verði 2.14.1.5.3. skal orðast svo:

Gildistími 2. flokks heilbrigðisvottorðs fisflugmanna er 60 mánuðir til 30 ára aldurs og síðan 24 mánuðir. Þó getur fluglæknir stýtt gildistímann sýnist honum ástæða til. Sérstök takmörkun skal færð í vottorðið um að það gildi einvörðungu fyrir fis. Þessi sérákvæði um gildistíma gilda ekki um 2. flokks heilbrigðisvottorð vegna annarra flugmannsskírteina en fisflugmannsskírteina. Sjá JAR-FCL 3.105.

*Samgönguráðuneytinu, 30. maí 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*